

Fundargerð byggingarnefndar frá 12.júní 2008

Fundur haldinn í byggingarnefnd Tálknafjarðar fimmtudaginn 12.júní 2008 kl. 16.00 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps.

1. **Erindi frá Tálknafjarðarhrepp.** Sótt er um að byggja skúr undir klórtankinn við sundlaugina, um er að ræða skúr 2 x 2.25 m og 2 – 2.30 á hæð, steniklæddur. Staðsettur ofanvert við Íþróttahúsið. Var það samþykkt.
Ennfremur var sótt um að loka þakglugganum á Íþróttahúsinu. Hann verður tekin af og járn klætt yfir. Meðfylgjandi er samþykkt arkitekts hússins. Erindið samþykkt.
2. **Erindi frá Guðmundi Sæmundssyni, Túngötu 22,** sækir hann um að steypa uppí hurðargat ofanvert, þar sem nú er þvottahús. Fyrir liggur að taka niður vegg og stækka svefnherbergi. Var það samþykkt.
3. **Erindi frá Guðlaugi Jónssyni og Krístrúnu Guðjónsdóttur,** sækja þau um að loka svalahurð á gafli hússins að Túngötu 31 og gera hurð á hlið hússins að sunnanverðu, skv. meðfylgjandi teikningu. Var það samþykkt. Guðlaugur vék af fundi meðan erindið var tekið fyrir.
4. **Erindi frá Þórsbergi.** Sótt er um að byggja skúr við vesturhlið hússins að Strandgötu 25, skv. meðfylgjandi útlitsteikningu. Var það samþykkt og verður framkvæmdaleyfi veitt þegar fullgildar teikningar liggja fyrir.
5. **Bygginganefnd leggur til við hreppsnefnd,** að hún veiti byggingafulltrúa heimild til að afgreiða smærri mál sem berast svo sem að fjarlægja skorsteina, loka gluggum, sólpallasmíð ofl.
6. **Bréf Skipulagsstofnunar dags., 6.júní 2008.** Ekki er hægt að samþykkja deiliskipulag fyrir það svæði sem auglýst var þann 7.mars 2008, þar sem ekki eru til lóðahnit af eldri lóðum í sveitarfélaginu. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að flýtt verði þeirri vinnu sem þarf til að hnitamæla lóðir sveitarfélagsins. Eyrún oddviti mætti á fundinn undir þessum lið og voru nokkrar umræður um skipulagsmál sveitarfélagsins.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 17.50

Heiðar Jóhannsson (sign)
Aðalsteinn Magnússon (sign)
Guðlaugur Jónsson (sign)
Sigurvin Hreiðarsson (sign)
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (sign)